

## GJALDSKRÁ fyrir fráveitugjald í Mosfellsbæ.

### 1. gr.

Af öllum húseignum í Mosfellsbæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 23. gr. samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ, nr. 1014/2010.

### 2. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera mat fasteigna þ.e. samanlagt fasteignamat húsa og lóða, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,105% af álagningarástofni.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bærarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

### 3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigenda-skipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, sbr. 16. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 23. gr. samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ.

### 4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur bærarstjórn samþykkt að nýta heimild í 7. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítillaelli- og örorkulífeyrisþega.

### 5. gr.

Í þeim tilvikum sem Mosfellsbær nýrir heimild samkvæmt 20. gr. samþykktu um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 218.084 fyrir hvern 6" heimæðarstút.

Fyrir heimæðarstúta stærri en 6" greiðast kr. 339.367 eða raunkostnaður veitunnar hverju sinni.

Í þeim tilvikum þar sem lengd heimæðar frá stofnæð að lóðarmörkum fer yfir 10 metra skal innheimta raunkostnað hverju sinni.

Óski húseigandi eftir færslu fráveituhemæðar að nýjum tengipunkti greiðir hann útlagðan kostnað veitunnar.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bærarstjórn Mosfellsbæjar á 773. fundi þann 9. desember 2020, með vísan til samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ nr. 1014/2010, sbr. og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010, og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1293/2019.

*Mosfellsbæ, 15. desember 2020.*

**Haraldur Sverrisson** bærarstjóri.